



NaNO Fréttabréf – Sumar 2016

Hvað höfum við gert í sumar?

Tekið þátt í undirbúningi *FIRST* LEGO League hönnunarkeppni grunnskólanema sem HÍ heldur 12. nóv. nk.

Unnið hefur verið að því að ganga frá verkefnum sem Birgir sá um og færa þau yfir á Ester og Svövu.

Ester kom til baka úr barneignarleyfi og starfar nú 100% fyrir NaNO aftur.

Ráðningarsamningur Birgis rann út þann 30. júní sl. og er hann nú kominn í fullt starf við kennslu við Menntaskólann í Reykjavík. NaNO þakkar Birgi fyrir vel unnin störf og góð kynni undanfarin ár.

Hvað er framundan?

Sýnatökufærð fyrir kennara sem koma að jarðfræðikennslu í umsjón Snæbjörns Guðmundssonar.

Fjörufærð fyrir kennara sem koma að náttúrufræðikennslu í grunnskólum.

Námsmatsfundur og –vinnustofa fyrir starfandi grunnskólakennara sem þeir hafa óskað eftir að við höldum.

Undirbúningur þátttöku í StarT verkefninu. Verkefnið er sett af stað í tilefni af 100 ára sjálfstæði Finnlands og er á vegum LUMA í Finnlandi. StarT (science, technology and art) stuðlar að þverfaglegu, verkefnaíðuðu og þematengdu námi - það setur vísindi og tækni í merkingarbært samhengi fyrir nemendur og gerir nám spennandi og þroskandi.

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennslueiningar í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum.

- Við fáum til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnið í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.
- Sérfræðingar lesa yfir texta verkefnanna í bankanum.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmællissjóði HÍ, Þróunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Vinum Vatnajökuls og Rannsóknasjóði síldarútvegsins.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

NaNO
Náttúruvísindi á nýrri öld